

JAKOB HENRÝ

Jakob var hamingjusamt barn þangað til hann var fjögurra ára. Hann bjó með foreldrum sínum í friðsæld í fallegu húsi við sjóinn. Þar var alltaf nóg af krökkum til að leika við og svo gat hann hlaupið um sandfjöruna og buslað í sjónum. Þetta var fullkomið líf fyrir lítinn strák.

En dag einn þurftu foreldrar Jakobs að fara til London að versla og þá gerðist **SVOLÍTIÐ HRÆÐILEGT**. Þau lentu nefnilega bæði (um hábjartan dag skal ég segja þér, og á götu sem var full af fólki) í gininu á gríðarlega **STÓRUM** og

REIÐUM nashyrningi sem hafði sloppið úr dýragarðinum í London.

Þú getur rétt ímyndað þér hversu hræðileg upplifun þetta hefur verið fyrir svona yndislega foreldra. Samt var það svo, þegar til lengri tíma var litið, að upplifunin var miklu verri fyrir Jakob en þau. Vandræði þeirra hurfu svo að segja strax. Þau biðu bana á nákvæmlega 30 sekúndum. Það var annað með vesalings Jakob litla, hann var alveg sprelllifandi en allt í einu var hann aleinn og hræddur í stórum og óvinsamlegum heimi. Yndislega húsið við sjávarsíðuna varð að selja í einum grænum og litli drengurinn, sem var með ferðatösku sem innihélt ekkert nema náttföt og tannbursta, var sendur til tveggja frænkna sinna.

Þær hétu Skjóða og Bóla, og þú fyrirgefur en ég verð bara að segja að þær voru báðar **HRYLLILEGAR** manneskjur. Þær voru **EINGJARNAR** og **LATAR** og **GRIMMAR**


og alveg frá byrjun stunduðu þær það að kvelja vesalings Jakob litla fyrirvaralaust. Þær kölluðu hann aldrei sínu rétta nafni heldur nefndu hann **„KRAKKASKRATTANN“** eða „óhreina fyrirbærið“ og svo sannarlega gáfu þær honum aldrei leikföng eða myndlýstar bækur til að skoða. Herbergið hans var eins tómt og fangaklefi.

Frænkurnar, þær Skjóða og Bóla, og nú ásamt Jakobi, bjuggu í undarlegu og hrörlegu húsi efst á hárrí hæð í Suður-Englandi. Hæðin var svo **HÁ** að Jakob gat horft á kílómetra eftir kílómetra af dásamlegu landslagi með skógum og engjum nánast hvar sem var í garðinum; á góðum degi gat hann, ef hann horfði í rétta átt, séð lítinn gráan blett langt í burtu úti við sjóndeildarhring. Það var gamla húsið hans þar sem hann hafði búið með foreldrum sínum. Ef hann horfði aðeins lengra gat hann séð sjálfan sjóinn – **LANGT, MJÓTT** og svarblátt strik, eins og gert úr bleki og rammað inn af himninum.

En Jakob mátti aldrei fara út úr garðinum. Hvorki Skjóða né Bóla nenntu nokkru sinni að fara neitt með hann, ekki einu sinni í smá göngutúr eða pikknikk, og hann mátti aldeilis ekki fara einn. „Krakkaskrattinn myndi bara koma sér í vandræði ef hann færi út úr garðinum,“ hafði Bóla frænka

sagt. Og þær tilkynntu honum að hann myndi fá þvílíkt að finna til tevatnsins, eins og til dæmis að vera læstur niðri í kjallara með músunum í heila viku, ef hann svo mikið sem dirfðist að klifra upp á girðinguna.

Garðurinn, sem náði yfir allan topp hæðarinnar,



var stór og eyðilegur og eina tréð í öllum garðinum (fyrir utan þyrpingu af óhreinum og gömlum lárviðarrunnum alveg út í enda) var fornt ferskjutré sem aldrei gaf ávöxt Þarna var engin róla, ekkert vegasalt, enginn sandkassi og engum börnum var nokkru sinni boðið að koma upp á hæðina til að leika við vesalings Jakob litla. Þarna var ekki einu sinni hundur eða köttur sem hann gæti haft félagsskap



af. Með tíð og tíma varð hann **SORGMÆDDARI OG SORGMÆDDARI** og **MEIRA OG MEIRA EINMANA** og hann eyddi öllum stundum alla daga í það að standa neðst í garðinum og horfa vonaraugum á yndislegan en forboðinn heim skóganna og akranna og hafsins sem lá þarna fyrir neðan eins og töfrateppi.

FRÆNKURNAR TVÆR

Einn morguninn, þegar Jakob hafði búið með frænkum sínum í heil þrjú ár, gerðist svolítið frekar undarlegt. Þetta sem gerðist, sem ég kalla frekar undarlegt, varð þess valdandi að annað atvik átti sér stað sem var mjög **FURÐULEGT** og sem orsakaði á sinn hátt **STÓRFURÐULEGT** atvik.

Þetta byrjaði allt á mjög heitum sumardeg. Skjóða, Bóla og Jakob voru öll úti í garði. Jakobi hafði verið fengið verkefni, eins og venjulega. Í

þetta sinn átti hann að höggva við fyrir arininn. Skjóða og Bóla sátu makindalega í sólstólum rétt hjá og supu kolsýrt límonaði úr háum glösum og gættu þess að hann hætti ekki að vinna eitt andartak.



Skjóða frænka var gríðarlega holdmikil og svo var hún líka mjög stutt í annan endann. Hún var með lítil svínsleg augu, munnurinn var sokkinn inn í andlitið, sem var svo hvapholda að það var eins og það hefði verið soðið í potti. Höfuð hennar var eins og stór og linur ofsodinn hvítkálshaus. Öðru máli gegndi um Bólu frænku, hún var grönn og hávaxin og beinaber og átti gleraugu með stálumgjörðum sem voru fest á nefbrodinn með klemmu. Rödd hennar var skræk og varir hennar voru langar og þunnar og hvenær sem hún varð **REIÐ** eða **ÆST** frussaðist munnvatn út úr henni. Þarna sátu systurnar, þessir tveir hrikalegu vargar, supu úr glösunum, og af og til var **ÖSKRAÐ** á Jakob að höggva nú hraðar og meira. Þær töluðu líka um sjálfar sig og það hversu fallegar hvor um sig taldi sig vera. Skjóða frænka var með spegil með löngu skafti í kjöltunni og tók hann sífellt upp til að dást að eigin andliti sem var síður en svo frýnilegt.

„Sem skærust rós,“ hún Skjóða kvað,

„ég skín og anga sætt,

slíkt andlit hefur enginn séð,

eða nef svo mætt

og lítt á mjúka lokkana,

ef losa ég mig við sokkana

mig prýða prúðar tær.“

„En bíddu við,“ kvað Bóla,

„út þín bumba hefur flætt.“

Þá roðnar Skjóða en hrópar hin:

„Sko hérna líta má

MINN þrýstna kropp, og þessar tennur,

það er sjón að sjá.

Ó, þvílík fegurð fágæt er

– ef frá við drögum vörtu hér

og bláa bólu á kinn.“

Þá Skjóða gall:

„Þar skrölta bein sem skinnið strengt er á.“

„Yndispokki eins og minn
hann ætti langbest við
í Hollywood,“ nú hrópar Skjóða,
„hér er takmarkið!
Á augabragði yrði ég fræg
og alltaf fengi hlutverk næg
sem stjarna stórkostleg.“
„Já, Frankenstein,“ þá æpti Bóla,
„er óskahlutverkið.“

Vesalings Jakob var þrælaði enn við viðarhöggið. Hitinn var óbærilegur. Hann var orðinn gegnblautur af svita. Hann fann til í handleggjunum. Öxin var stór og deig og alltof mikið verkfæri fyrir lítinn dreng. Meðan Jakob stritaði fór hann að hugsa um öll hin börnin í heiminum og hvað þau myndu vera að gera einmitt núna. Sum eru að hjóla á þríhjólum í garðinum heima hjá sér. Önnur eru að ganga um í svölum skógum og tína villt blóm í vendi. Allir

litlu vinir hans sem hann þekkti einu sinni eru niður við sjó að leika sér í blautum sandinum og busla í sjónum ...

Stór tár byrjuðu að streyma úr augum Jakobs og niður kinnar hans. Hann hætti að vinna og hallaði sér að viðarkubbum, yfirbugaður af óhamingju.

„OG HVAD ER SVO AÐ ÞÉR?“ sagði Bóla frænka með sargandi röddu og horfði illilega á hann yfir gleraugun.

Jakob byrjaði að hágráta.

„Hættu þessu



á stundinni og haltu áfram að vinna, krakkaskratti!“ skipaði Skjóða.

„Æ, Skjóða frænka!“ hrópaði Jakob. „Og Bóla frænka! Gætum við ekki öll – gerðu það – bara einu sinni – tekið strætó á ströndina – gerðu það? Það er ekki svo langt – og mér er svo heitt og líður svo illa og ég er svo einmana ...“

**„ÉG HEF NÚ ALDREI
VITAÐ ANNAÐ EINS!
LITLA
LETIDÝR!“**

öskraði Bóla.

„Rassskelltu hann bara!“ drundi í Skjóðu.

„Það ætla ég svo sannarlega að gera!“ sagði Bóla hranalega. Hún horfði illilega á Jakob og hann horfði skelfdum augum á hana. „Ég ætla að rassskella þig seinna í dag, þegar mér er ekki svona heitt,“ sagði hún. „En nú vil ég ekki sjá þig meira – ég þarf frið,
LITLI ÓÞEKKTARORMUR!“

Jakob snerist á hæli og hljóp í burtu. Hann hljóp eins hratt og fætur toguðu út í enda garðsins og faldi sig bak við óhreina lárviðarrunnann sem við töluðum um hérna áðan. Svo faldi hann andlitið í höndum sér og byrjaði að gráta og gráta.